

Málsnr.: 2170/0139  
Skjalasafn Ráðhuss  
16. jan. 2017  
Bréfalykill: 450



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavíkurborg  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Reykjavík 11. janúar 2017

Tilv.: MMR16120136/2.2.5.2-

Efni: Ósk um tilnefningar í skólanefndir framhaldsskóla í Reykjavík

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og menningarmálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.


Skipunartíma núverandi skólanefnda við framhaldsskólana í Reykjavík er að ljúka. Af ofangreindu tilefni er þess farið á leit, að Reykjavíkurborg tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefndir eftirtalinna skóla: Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Kvennaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Menntaskólinn við Sund.

Þess er óskað að tilnefningarnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. febrúar næstkomandi. Vinsamlegast látið fylgja heimilisfang og kennitölu tilnefndra aðila.

Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði fjórir einstaklingar, tveir karlar og tvær konur. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess. Er þetta gert með skírskotun til ákvæðis 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Fyrir hönd ráðherra

  
Hellen Gunnarsdóttir

  
Björg Pétursdóttir

